

Upplýsingafulltrúi – sumarstarf

Starf upplýsingafulltrúa við upplýsingamiðstöð ferðamanna í Leifsbúð er laust til umsóknar.

Umsóknareyðublöð má nálgast á vef Dalabyggðar og skrifstofu sveitarfélagsins.

Umsóknum skal skila á skrifstofu Dalabyggðar í síðasta lagi **6. maí** nk.

Ferðamálafulltrúi

Starf ferðamálafulltrúa Dalabyggðar er laust til umsóknar. Starfshlutfall er 50% og starfsaðstaða verður á skrifstofu Dalabyggðar og í Leifsbúð.

- Kynningar- og markaðssetningarstarf í samvinnu við Markaðsstofu Vesturlands, upplýsingamiðstöðvar á Vesturlandi og ferðapjónustuaðila í Dölum
- Rekstur upplýsingamiðstöðvar í Leifsbúð og tilheyrandi þjónustu við gesti upplýsingamiðstöðvar.
- Umsjón með Landafundasýningu og öðrum sýningum sem kunna að verða settar upp í Leifsbúð.
- Þjónusta við félag eldri borgara í Dalabyggð. Félagið heldur fundi í Leifsbúð skv. starfsskipulagi.
- Samantekt upplýsinga um heimsóknir á upplýsingamiðstöð, sundurgreint eftir mánuðum og þjóðerni gesta.

Umsóknareyðublöð má nálgast á vef og skrifstofu Dalabyggðar.

Umsóknum skal skila á skrifstofu Dalabyggðar í síðasta lagi **6. maí** nk.



DALAPÓSTURINN

5. tölublað, 9. árgangur

2. maí 2016

Auðarskóli - útboð

Dalabyggð óskar eftir tilboðum í verkið "Dalabyggð. Grunnskólinn í Búðardal. Endurnýjun þakklæðningar, þakkants ofl."

Verkið felur í sér að rífa núverandi trapizustál af þaki og setja bárustál í staðinn, endurnýja þakpappa, skotrennur, flasningar, kjöljárn ofl. Einnig skipta um burðarvirki og núverandi trapizustál á þakkanti og setja klæðningu í staðinn, skipta um þakrennur, niðurfallsrör og skipta um klæðningu neðan á þakkanti. Þakflötur er um 600m² og þakkantur um 100 m.

Skiladagur verksins er 5. ágúst 2016.

Útboðsgögn verða afhent rafrænt og án endurgjalds í stjórnarsýsluhúsi Dalabyggðar, Miðbraut 11, 370 Búðardal og hjá Verkís, Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnesi frá og með 4. maí n.k.

Hægt er að óska eftir gögnum hjá Boga Kristinssyni skipulags- og byggingarfulltrúa á netfangið bogi@dalir.is og í síma 430-4700 eða hjá Jökli Helgasyni á netfangið jh@verkis.is eða í síma 422-8000.

Tilboð verða opnuð hjá Verkís, Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnesi, 18. maí 2016, kl. 11:00.

Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

Þjóðlendukröfur í Dalasýslu

Þjóðlendukröfur í Dalasýslu voru birtar með lögformlegum hætti í Lögbirtingablaðinu fimmtudaginn 18. febrúar 2016. Þar er skorað á þá sem telja til eignarréttinda á þjóðlendukröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum skriflega fyrir óbyggðanefnd innan þriggja mánaða, nánar tiltekið í síðasta lagi miðvikudaginn **18. maí 2016**.

Að loknum framangreindum fresti fer fram opinber kynning á heildarkröfum (ríkis og annarra) sem stendur í einn mánuð. Einnig verður svæðinu skipt í mál og boðað til fyrstu fyrirtöku. Málin eru síðan tekin fyrir eins oft og þörf er á, frekari gögn lögð fram og leitast við að skýra þau að öðru leyti. Loks fer fram svokölluð aðalmeðferð, með tilheyrandi vettvangsskoðun, skýrslutökum og málflutningi. Að lokinni aðalmeðferð eru mál tekin til úrskurðar og úrskurðir kveðnir upp í kjölfarið.

Þeir landeigendur sem hyggjast gera kröfur er því bent á að tíminn styttist óðum. Þá er landeigendum aðliggjandi jarða bent á að kanna hvort lönd þeirra skarist við kröfulýsingar.

Nákvæma afmörkun og yfirlitskort er að finna á heimasíðu óbyggðanefndar (www.obyggdanefnd.is) og á skrifstofum viðkomandi sveitarfélags og sýslumannsembættis.

Deiliskipulagstillaga að Laugum í Sælingsdal

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 15. mars 2016 að auglýsa deiliskipulagstillögu fyrir Lauga í Sælingsdal skv. 41. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010.

Stefna deiliskipulagsins er að efla svæðið sem eina heild og skapað áhugavert svæði sem virkar jafnt fyrir íbúa og ferðamenn, allt árið.

Skipulagsuppdrættir og greinagerðir er til sýnis á skrifstofu Dalabyggðar frá 4. maí til 16. júní 2016. Ennfremur verða gögnin aðgengileg á heimasíðu Dalabyggðar.

Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu Dalabyggðar Miðbraut 11, 370 Búðardal eða á netfangið bogi@dalir.is merkt „Deiliskipulag Laugum“ fyrir **16. júní 2016**.

Sælingsdalslaug í maí

Opnunartímar verða á þriðjudögum kl. 15:30-20, miðvikudögum kl. 18-22, fimmtudögum kl. 16-18, laugardögum kl. 14-18 og sunnudögum kl. 14-18.

Áhugasamir sundgestir geta haft samband á dagvinnutíma Ungmennabúðanna kl. 9-17 í síma 778 2660. Einnig er möguleiki að hafa samband um helgar við sérstök tilfelli.

Breytingar á áður auglýstum opnunartímum eru auglýstar á heimasíðu Ungmenna- og tómstundabúðanna Laugum.

Vinnuskólinn

Vinnuskólinn verður starfræktur frá 6. júní til 31. júlí og er fyrir unglinga fædda árin 2000 - 2003. Daglegur vinnutími verður kl. 8-12 og 13-15 fimm daga vikunnar fyrir elstu börnin, en fjóra daga fyrir hin yngri.

Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu og skrifstofu Dalabyggðar. Umsóknarfrestur er til og með **13. maí**.

Leiga beitar- og ræktunarlands í eigu Dalabyggðar

Sveitarstjórn hefur samþykkt reglur og gjaldskrá vegna leigu á beitar- og ræktunarlandi í eigu Dalabyggðar og er bæði birt á vefnum dalir.is.

Nú eru lausar til umsóknar nokkrar spildur úr landi Fjósa. Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð eru á dalir.is og skrifstofu Dalabyggðar.

Skv. bráðabirgðaákvæði í reglunum geta þeir sem hafa nú afnot af landi Fjósa haldið núverandi afnotum í eitt ár en þá verður landið auglýst.

Gjöf til Dalabyggðar

Dalabyggð hefur borist gjöf frá fjölskyldu Skúla Hlíðkvist Jóhannssonar en þar er um að ræða 40 ljósmyndir af gömlu byggðinni undir Fjósabökkum í Búðardal.

Sveitarstjórn færir fjölskyldu Skúla bestu þakkir fyrir gjöfina.